

49 skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum
14. júní skal úr honum skorið af sýslunefnd.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 3 í hvorum hreppi og skal kosning í hreppsnefndir þessar fram fara í n. k. janúarmánuði.

Þetta tilkynnist yður hérmeð til frekari aðgerða og birtingar að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Tjörneshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

50
23. apríl

REGLUGERÐ

um

barnapróf.

1. gr.

Skylt er að halda eitt próf á ári, og skal það haldið í lok kennslutímans að vorinu, þó eigi fyrr en í aprilmánuði.

2. gr.

Þau börn, sem námsstjóri hefir prófað áður um vorið, er ekki skylt að prófa aftur í sömu námsgreinum.

3. gr.

Einkunnir í móðurmáli og reikningi skulu gefnar eftir getu án tillits til aldurs. Það er og heimilt í öðrum námsgreinum.

4. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum frá 0 og upp í 10. Þegar tekið er meðaltal af einkunn kennara og prófdómara má nota brotið $\frac{1}{2}$ (= 0,5), sömu leiðis við úrlausnir skriflegra verkefna.

5. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf, þarf meðaleinkunn að vera að minnsta kosti 5, enda sé ekki lægri einkunn í hverri grein móðursmáls (lestri, skrift og réttritun) og reikningi.

Ágætiseinkunn er 9—10, I. einkunn er 8—9; II. einkunn frá 6—8 og III. einkunn frá 5—6.

6. gr.

Ef námsstjóri kemst við eftirlitspróf að raun um það, að mjög skorti á kunnáttu barns eftir hæfileikum þess, má hann leggja bann við því, að barnið nái fullnaðarprófi á því ári.

7. gr.

50

Börn þau, er ljúka fullnaðarprófi, skulu fá skirteini um það, undirritað 23. apríl af kennara (eða skólastjóra) og prófdómara.

8. gr.

Prófskýrslur skulu sendar námsstjóra, en hann gerir fræðslumálastjóra grein fyrir þeim. Senda skal og fullnaðarprófskýrslur beint til fræðslumálastjóra.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla um leið úr gildi öll ákvæði, sem fara í bága við hana.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1932.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Málfundasjóð Lónsmanna“, 51 útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. 30. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Málfundasjóð Lónsmanna.

1. gr.

Sjóður þessi nefnist Málfundasjóður Lónsmanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins, 200 krónur, er myndað af skuldlausri eign Málfundafélagsins og gjöf nokkurra meðlima.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt geymdur og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.